

# Reglur um fatnað á mótum

## **1.gr. Reglur um klæðnað:**

Keppendum í skotfimi og starfsmönnum við skotmót er skylt að vera hreinir og snyrtilegir til fara. Í klæðnaði sem hæfir opinberum viðburði og íþróttamóti og gefur til kynna að um íþróttaviðburð sé að ræða.

Eindregið er mælt til þess að keppendur klæðist íþróttafatnaði

## **2.gr. Eftirfarandi fatnaður er bannaður á mótum viðurkenndum af STÍ:**

- A: Rifinn, götóttur eða slitinn fatnaður
- B: Fatnaður með áberandi bótum
- C: Ermalausir bolir ( ekki átt við venjulega stuttermaboli )og hlýrabolir
- D: Fatnaður í felulitum ( camouflaged )
- E: Fatnaður með óviðeigandi / óíþróttamannslegum áletrunum, myndum eða merkjum.
- F: Skálmalausar stuttbuxur eða stutt pils
- G: Opnir skór svosem sandalar, klossar o.þ.h.

## **3.gr. Dómarar bera ábyrgð á því að þessu sé farið eftir.**

- Skulu þeir veita áminningu við fyrsta brot á reglum þessum og tilkynna STÍ um áminninguna.
- Mæti sami keppandi aftur til móts brotlegur við reglur þessar, skal veita honum áminningu og skora á hann að lagfæra klæðnað. Verði hann ekki við því skal honum vísað úr keppni.
- Við þriðja brot skal tafarlaust vísa þeim sem brotlegur er úr keppni.

Dómari skal grípa til þessara aðgerða áður en mót hefst og er óheimilt að veita áminningu vegna þessa eftir að keppni er hafin hjá viðkomandi keppanda.

Hér ber og að hafa í huga að reglurnar gilda um þann fatnað sem íþróttamaðurinn keppir eða tekur við verðlaunum í og telst keppni hafin þegar undirbúningur byrjar. Dómara er heimilt að benda keppanda á misbrest og gefa honum kost á að færa til betri vegar áður en til áminningar eða brottvikningar kemur ( t.d. við byssuskoðun )